

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis – og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavíkflugvelli, 22. nóvember 2012

Efni: Frumvarp til laga um miðstöð innanlandsflugs (120. mál)

Icelandair Group hf., ásamt dótturfélögum Flugfélagi Íslands og Icelandair, þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint lagafrumvarp.

Icelandair Group telur að Reykjavíkflugvöllur hafi gegnt hlutverki sínu vel sem miðstöð innanlandsflugs í gegnum tíðina. Það er því fagnaðarefni að stór hópur þingmanna vilji tryggja að miðstöð innanlandsflugs verði áfram starfrækt í Reykjavík, í næsta nágrenni við helstu heilbrigðis-, mennta- og stjórnsýslustofnanir landsins. Frumvarpið er í samræmi við samgönguáætlun fyrir árin 2011-2022 þar sem gert er ráð fyrir að Reykjavíkflugvöllur verði áfram miðstöð innanlandsflugs.

Líkt og fram kemur í frumvarpinu skapar Reykjavíkflugvöllur fjölda starfa og þar að auki er hann nálægur allri grunnþjónustu og veitir fólki af höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni mikil þægindi við að sækja þjónustu. Hlutverk innanlandsflugsins í almenningssamgöngum verður seint of metinn en innanlandsflugið er eini samgöngumátinn sem þjónar almenningi í för sinni á milli landshluta. Þá hentar staðsetning Reykjavíkflugvallar vel fyrir sjúkraflug vegna staðsetningar Landspítalans. Mikilvægt er að aðgengi allra landsmanna sé sem best að sjúkrahúsinu, hvort sem þeir þurfa að koma þangað með flugi eða ekki.

Að þessum forsendum virtum er óraunhæft að flytja miðstöð innanlandsflugs til Keflavíkur auk þess sem kostnaður vegna þess yrði mikill. Jafnframt tapar innanlandsflugvöllur gildi sínu ef hann er jafnfjarri sjúkrahúsum og stjórnsýslu og raunin er með flugvöllinn í Keflavík.

Í ljósi mikilvægi Reykjavíkflugvallar fyrir samgönguöryggi og framgang innanlandsflugs tekur Icelandair Group undir efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. Icelandair Group hf.

Ari Guðjónsson